

Vatnajökulspjóðgarður, kt. 441007-0940, Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabæ (hér eftir „Vatnajökulspjóðgarður“) og [heiti fyrirtækis og kennitala] (hér eftir „sammingshafi“) gera með sér eftirfarandi:

Samningur um atvinnutengda starfsemi í Vatnajökulspjóðgarði

1. gr.

Sammingsgrundvöllur

Samningur þessi er gerður í samræmi við 1. mgr. 15. gr. a laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð og 32. – 37. gr. reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020.

Með samningnum er leitast við að stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu náttúru og náttúrugæða í Vatnajökulspjóðgarði og auka gæði og öryggi í starfsemi sem honum tengist.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur staðfest þau skilyrði sem samningurinn tilgreinir fyrir því að sammingshafar megi stunda atvinnu innan þjóðgarðsins, sbr. 8. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð.

2. gr.

Heimiluð atvinnustarfsemi

Vatnajökulspjóðgarður veitir sammingshafa heimild til að starfrækja eftirfarandi starfsemi innan Vatnajökulspjóðgarðs:

Íshellaferðir og jöklagöngur á [staðsetning].

Starfsemin felur í sér að farið er með viðskiptavini sammingshafa í skipulagðar ferðir með leiðsögumanni í íshella og/eða göngu á [staðsetning].

Samningurinn nær til þeirra þátta starfseminnar sem fer fram innan marka þjóðgarðsins eins og þau eru skilgreind hverju sinni.

Heimild sammingshafa til að nýta aðstöðu í þjóðgarðinum, svo sem til að safna fólki saman til brottfarar eða staðsetja sölubása, búnað, gáma o.þ.h., fer eftir nánara samkomulagi við starfsfólk þjóðgarðsins og er háð sérstöku leyfi Vatnajökulspjóðgarðs. Vatnajökulspjóðgarður áskilur sér rétt til að auglýsa sérstaklega eftir umsóknum um slíka aðstöðu innan þjóðgarðsins.

Gestir þjóðgarðsins skulu hlíta fyrirmælum starfsfólks þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð. Þjóðgarðsvörðum er enn fremur heimilt að loka tímabundið afmörkuðum svæðum fyrir umferð, telji þeir að svæði eða lífríki liggi undir skemmdum eða að dvöl fólks eða umferð geti spillt



lífríki, jarðmyndunum, landslagi eða menningarminjum, sbr. 7. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 18. gr. laganna.

Í **viðauka** með samningi þessum er að finna nánari ákvæði um umgengni og heimildir samningshafa í þjóðgarðinum, m.a. um aðgengi að svæðum, akstur, umferð o.fl.

3. gr.

Skyldur samningshafa

Samningshafi skal tryggja að hvers konar starfsemi hans og athafnir aðila á hans vegum innan Vatnajökulsþjóðgarðs uppfylli að öllu leyti gildandi lög og reglur hverju sinni, þ.m.t. lög nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð, reglugerð nr. 300/2020 um Vatnajökulsþjóðgarð og lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samningshafi skal jafnframt virða ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs og fyrirmæli þjóðgarðsyfirvalda. Þá skal samningshafi hafa starfsemi sinni þannig að öðrum rekstraraðilum, starfsfólki þjóðgarðsins og gestum sé ávallt sýnd fyllsta tillitssemi og kurteis.

Samningshafi skal tryggja að hann hafi aflað sér þeirra opinberu leyfa sem þörf er á vegna starfsemi hans og ábyrgist að þau séu til staðar, þar með talið leyfi til að starfa sem ferðaskrifstofa eða ferðasali dagsferða, sbr. lög nr. 96/2018 um Ferðamálastofu. Samningshafi skuldbindur sig til að fylgja í hvítetna skilmálum þess leyfis og ákvæðum laga um Ferðamálastofu.

Samningshafi ber ábyrgð á að uppfyllt séu í starfsemi hans ákvæði 24. gr. náttúruverndarlaga um samráð við eiganda lands eða réttihafa þegar skipulagðar eru hópferðir um eignarlönd í byggð eða þar sem ónæði gæti valdið við nytjar.

Samningshafi ábyrgist að hann hafi gilda ábyrgðartryggingu frá váttryggingafélagi í samræmi við kröfur laga nr. 96/2018 um Ferðamálastofu og að slík trygging sé í gildi allan samningstímann.

Samningshafi skal á samningstíma uppfylla þær kröfur um gæði, öryggi, menntun og fræðslu starfsfólks sem greinir í **viðauka** við samning þennan, sbr. einnig sértæk gæðaviðmið Vakans nr. 203, *Gönguferðir í fjallendi við vetraraðstæður og á jöklum* og nr. 228, *Íshellaskoðun*. Þá ábyrgist samningshafi að hann hafi á hverjum tíma fullnægjandi búnað og nægjanlegan fjölda hæfra starfsmanna í sinni þjónustu til að tryggja öryggi gesta í ferðum á vegum samningshafa, sbr. sértæk gæðaviðmið Vakans nr. 203, *Gönguferðir í fjallendi við vetraraðstæður og á jöklum* og nr. 228, *Íshellaskoðun*.

Samningshafa er kunnugt um þær hættur sem fylgja ferðum á eða við jökul. Samningshafi ber alla ábyrgð á starfsemi sinni, þar með talið öryggi þeirra einstaklinga sem fylgja honum og/eða starfsfólki hans.

Samningshafi skuldbindur sig til að taka þátt í að bæta aðgengi á einstökum áfangastöðum á og við jökul með tilliti til öryggis gesta og verndar umhverfis.

Allar ferðir samningshafa eru alfarið á ábyrgð hans.

4. gr.

Skyldur Vatnajökulsþjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður hefur umsjón með að ákvæði laga og reglugerða og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins séu virt. Starfsfólk þjóðgarðsins leitar leiða til að lágmarka áhrif atvinnustarfsemi á umhverfið í samráði við samningshafa. Starfsfólk þjóðgarðsins fylgist með að samningshafar skili inn réttum upplýsingum og fylgi ákvæðum samninga.

Starfsfólk þjóðgarðsins hefur með höndum eftirlit með atvinnutengdri starfsemi samningshafa innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður getur krafist nauðsynlegra upplýsinga vegna eftirlitsins og ber samningshafa að fylgja fyrirmælum hans.

5. gr.

Tilkynningar og samskipti

Samningshafi skal veita Vatnajökulsþjóðgarði hvers kyns upplýsingar sem óskað er eftir vegna starfsemi hans og samnings þessa.

Samningshafi skal veita Vatnajökulsþjóðgarði mánaðarlega upplýsingar um fjölda gesta í ferðum á hans vegum. Upplýsingunum skal skilað eigi síðar en 10. hvers mánaðar.

Samningshafi skuldbindur sig til að taka þátt í rannsókn á þolmörkum þess svæðis sem rekstur hans nær til. Skal samningshafi í þessu skyni veita Vatnajökulsþjóðgarði allar nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. um fjölda gesta á hans vegum, fjölda ferða, ferðaleiðir og áfangastaði ásamt því að veita starfsfólki aðgengi að starfseminni eftir þörfum vegna þess eftirlits sem talið er nauðsynlegt.

Samningshafi tilkynnir Vatnajökulsþjóðgarði um allar breytingar sem verða frá tilgreindum upplýsingum í umsókn um heimild til að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum.

Starfsfólk þjóðgarðsins tekur við ábendingum vegna starfseminnar og kemur þeim á framfæri eftir því sem við á.

6. gr.

Framsal, aðilaskipti o.fl.

Samningshafa er óheimilt að framselja samning þennan og/eða réttindi og skyldur á grundvelli hans, beint eða óbeint til þriðja aðila, nema að fengnu skriflegu samþykki Vatnajökulsþjóðgarðs.

7. gr.
Notkun kennimerkis

Verði settar reglur um sérstakt kennimerki Vatnajökulsþjóðgarðs, ætlað samningshöfum til auðkenningar á vöru eða þjónustu í samræmi við samning þennan, verður samningshafa gert viðvart.

8. gr.
Greiðslur samningshafa

Gjaldtaka sem tengist samningi þessum er ákvörðuð í reglugerð um gjalddöku innan Vatnajökulsþjóðgarðs eins og hún er á hverjum tíma.

Samningshafi skal greiða gjald vegna samnings þessa í samræmi við 15. gr. a, sbr. 2. mgr. 21. gr., laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð og gildandi reglugerð um gjalddöku innan þjóðgarðsins. Gjaldið skal greitt eigi síðar en við undirritun samnings þessa.

9. gr.
Vanefndir

Komi til vanefnda af hálfu samningshafa er Vatnajökulsþjóðgarði heimilt að rifta samningi þessum í samræmi við meginreglur samninga- og kröfuréttar. Slík heimild er meðal annars til staðar brjóti samningshafi gegn ákvæðum samningsins, þeim lögum og reglum sem um þjóðgarðinn gilda, náttúruverndarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins og/eða fyrirmælum þjóðgarðsyfirvalda. Jafnframt er slík heimild til staðar uppfylli samningshafi ekki þær kröfur sem gerðar eru til búnaðar, gæða, öryggis og kunnáttu starfsfólks, sbr. viðauka við samning þennan, sem og ef samningshafi sinnir ekki kröfu þjóðgarðsins um úrbætur að liðnum hæfilegum fresti.

Vatnajökulsþjóðgarður skal leitast við að gefa samningshafa viðvörun og stuttan frest til úrbóta komi til vanefnda, en sé brotið metið alvarlegs eðlis er riftun heimil án viðvörunar.

Verði vanefndir á greiðslu reiknings, sbr. 8. gr. samnings þessa, eða ef upplýsingagjöf samningshafa skv. 8. gr. samningsins er ábótavant eða hún reynist röng, er Vatnajökulsþjóðgarði heimilt að rifta samningnum að liðnum 20 dögum eftir gjalddaga eða frá því að skorað var á samningshafa að láta upplýsingar í té.

Sé samningshafi með aðstöðu og/eða búnað á tilgreindu svæði innan þjóðgarðsins ber honum að fjarlægja aðstöðuna og/eða búnaðinn innan 10 daga frests frá því að samningi er rift. Sé ekki brugðist við innan frests er Vatnajökulsþjóðgarði heimilt að framkvæma þá vinnu á kostnað samningshafa.

Komi til riftunar er samningshafa jafnframt skylt að afmá sýnileg ummerki samstarfs við þjóðgarðinn, t.d. taka úr umferð kynningarefni/upplýsingar sem vísa til samnings þessa eða notkunar kennimerkis þjóðgarðsins.

**10. gr.
Ágreiningur**

Komi upp ágreiningur milli aðila vegna samnings þessa skulu þeir leitast við að leysa úr honum með samkomulagi. Náist slíkt samkomulag ekki er hvorum aðila um sig heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

**11. gr.
Gildistaka, gildistími o.fl.**

Samningur þessi tekur gildi 1. október 2021 og gildir tímabundið til 30. apríl 2022.

Samningsaðili hefur ekki forgangsrétt til samningsgerðar að samningstíma loknum.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Garðabæ, [dagsetning undirritunar]

f.h. [heiti fyrirtækis]

f.h. Vatnajökulspjóðgarðs

____(Rafræn undirritun)_____

____(Rafræn undirritun)_____

Viðauki við samning um atvinnutengda starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði

Samningshafi ábyrgist að hann uppfylli eftirfarandi skilyrði og muni fylgja þeim fyrirmælum sem greinir í viðauka þessum.

Öryggi

- Öryggisáætlun sem nær yfir hvers konar ferðir innan þjóðgarðsins með viðskiptavinum.
- Viðbragðsáætlun /neyðaráætlun.
- Gátlisti um öryggisbúnað í ferðum.
- Áætlun um endurnýjun og viðhald öryggisbúnaðar.
- Skrá yfir leiðsögumenn og bílstjóra, menntun, þjálfun og reynslu þeirra.
- Viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs eða annarra aðstæðna.

Kunnátta

- Leiðsögumenn hafi viðeigandi búnað til fjarskipta og rötunar og þekkingu á honum.
- Leiðsögumenn hafi viðeigandi kunnátta til að veita viðskiptavinum tilsögn í öryggisatriðum, s.s. um notkun öryggisbúnaðar og viðeigandi skjólfatnaðar.
- Tryggt sé að leiðsögumenn starfi samkvæmt og þekki öryggisáætlun, viðbragðsáætlun/neyðaráætlun og hvers konar aðrar áætlanir og viðmiðunarreglur samningshafa.

Menntun og þjálfun

- Leiðsögumenn hafi lokið AIMG þjálfun og fyrstu hjálpar námskeiði (20 klst) hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu eða sambærilegu.
- Leiðsögumenn skrái reynslu sína og haldi „logbók“.

Skilyrði

- Uppfylla skal sértæk gæðaviðmið Vakans nr. 203, *Gönguferðir í fjallendi við vetraraðstæður og á jöklum* og nr. 228, *Íshellaskoðun*, varðandi gæði, öryggi, menntun og fræðslu starfsfólks og leyfilegan fjölda viðskiptavina á hvern leiðsögumann.

Umgengni

- Við akstur vélknúinna ökutækja skal ávallt nota merkta vegi og fara að ákvæðum laga nr. 60/2007, sem og reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga. Gæta skal ítrustu varfærni við akstur vélknúinna ökutækja, sbr. lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
- Virða skal sérreglur um akstur innan Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem um slíkt er að ræða.
- Ekki skal skilja bifreiðar eftir í gangi, t.d. á meðan beðið er eftir viðskiptavinum.
- Olíuleka úr ökutækjum skal tilkynna strax til starfsmanna þjóðgarðsins og skal ökutæki tekið úr notkun þar til leki hefur verið lagfærður.

- Allar framkvæmdir samningshafa eru almennt óheimilar án sérstaks leyfis frá stjórn, svæðisráði eða eftir atvikum þjóðgarðsverði. Sem dæmi má nefna:
 - Notkun vinnuvéla og stærri tækja til að bæta aðgengi.
 - Notkun á óumhverfisvænum efnum (t.d. dekk) til framkvæmda.
 - Uppsetning á stærri mannvirkjum sem þarfnast stöðu-, bygginga- eða framkvæmdaleyfis.
- Viðskiptavinir skulu fræddir um salernisúrræði og þess gætt að þeir fari að fyrirmælum þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.
- Náttúru Vatnajökulsþjóðgarðs skal ekki nota sem salernisaðstöðu og samningshafi gætir þess að ganga frá salernisúrgangi.
- Allur úrgangur skal fjarlægður. Samningshafi skal nota endurhlaðanleg rafkerfi þar sem því verður við komið.
- Viðskiptavinir skulu minntir á ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu.

Fylgja skal jafnframt í hvívetna þeim umgengnis- og háttersreglum sem í gildi eru á hverjum tíma á einstökum svæðum og fyrir tiltekna tegund starfsemi innan Vatnajökulsþjóðgarðs.